



Launavísitalan lækkaði í júlí – opinberir markaðurinn leiðir launaþróunina áfram

Launavísitalan lækkaði um 0,1% milli júní og júlí samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,8%, sem er eilítið hærri árstaktur en verið hefur síðustu mánuði.

Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur nú hækkað um samtals 5,4% á fyrstu sjö mánuðum ársins. Launavísitalan lækkaði síðast í júlí í fyrra og þar á undan í júní 2019. Það er því ekkert nýtt að launavísitalan lækki smávegis á miðju sumri. Ekki hefur verið um almennar launahækkunar að ræða samkvæmt kjarasamningum síðan í janúar og kjarasamningsbundnar hækkunar verða ekki aftur fyrir en í janúar 2022. Það sem af er ársins hefur verið talsverð hreyfing á launavísitölunni upp á við, en miðað við stöðuna mætti ætla að launaþróun væri á rölegum nótum um þessar mundir og staðan verði mögulega svipuð út árið.

Kaupmáttur launa lækkar milli mánaða en þó áfram nálægt hæstu hæðum


Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% milli júlímánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 7,8% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára var 3,4%.

Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir tölurverða verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í júlí 1,1% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

Opinberir markaðurinn hækkar meira


Í apríl 2020 hækkuðu laun nær allra í landinu vegna kjarasamninga. Á þeim tímamarki má segja að opinberir markaðurinn hafi unnið upp þá töf sem orðið hafði á kjarasamningsbundnum launahækkunum miðað við almenna markaðinn. Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum frá maí 2020 fram til sama tíma

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa
apríl 2020 - apríl 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



2021 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 5,8% á þessum tíma og um 12,4% á þeim opinbera, 10,7% hjá ríkinu og 14,5% hjá sveitarfélögunum.

Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á tímabilinu, þrátt fyrir að staða kjarasamningagerðar hafi jafnast. Munurinn milli markaða virðist vera að aukast.

Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest, eða um 8,4% milli ára í maí. Laun tækna og sérmenntaðs fólks hækkuðu minnst, eða um 3,9%. Launavísitalan hækkaði um 7,5% á tímabilinu þannig að einungis laun verkafólks hafa hækkað meira en meðaltalið og laun annarra starfsstétta minna, sérstaklega tækna og sérfræðinga. Stærsti hluti hækkunar launavísitölunnar er því á opinbera markaðnum.

Laun í atvinnugreinum


Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun milli maímánaða 2020 og 2021 mest á veitinga- og gististöðum, um 10,5%, og áberandi minnst í fjármála- og váttryggingastarfsemi, um 3,7%. Tekjur eru með hæsta móti í fjármála- og váttryggingastarfsemi þannig að krónutöluhækkunar kjarasamninga vega almennt minna í prósentum þar en í öðrum greinum.

Þróun launa í rekstri gististaða og veitingarekstri er athyglisverð. Laun í greininni hækkuðu um 4,9% í apríl 2020 vegna áfangahækkana kjarasamninga og svo aftur um 4% í janúar 2021 af sömu ástæðu. Kjarasamningarnir hafa því verið hlutfallslega dýrir fyrir ferðabjónustuna eins og reikna mátti með þar sem launastig er almennt lágt í þeim geira. Í apríl 2021 hækkuðu laun svo aftur um 3,1% án þess að um hækkanir vegna kjarasamninga væri að ræða. Líkleg skýring er að nauðsynlegt hafi verið að hækka laun til þess að geta mannað stöður í greininni, en á þessum tíma var einmitt nokkur umræða um að erfitt væri að fá fólk til starfa í ferðabjónustu.

Endurskoðun kjarasamninga í september

Í september 2021 skal launa- og forsendunefnd lífskjarasamningsins meta hvort forsendur um kaupmátt launa, vexti og þær stjórnvaldsákvæðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið var í


Launapróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta


maí 2020 - maí 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun í atvinnugreinum


- maí 2020 - maí 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun hjá veitinga- og gististöðum

Vísitala - des. 2018 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



yfirlýsingum ríkisstjórnar hafi staðist. Nefndin skal tilkynna fyrir lok september 2021 hvort ofangreindar forsendur hafi staðist.

Töluvert fjaðrafok var út af mati nefndarinnar á síðasta ári og náði nefndin ekki samkomulegi fyrr en á lokastundu, eftir aðkomu stjórnvalda. Ekki er búist við að veruleg vandamál verði uppi að þessu sinni og útlit er fyrir að nefndin nái samkomulagi um að forsendur hafi staðist. Verði staðan sú mun lífshjálpsáttakinn gilda til 1. nóvember 2022

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.